

Viðbúnaðarvefur / farvefur IAEA (og Geislavarna ríkisins)

Viðbúnaðardeild IAEA kynnti í fréttabréfi sínu í mars 2009 nýja uppfærslu á viðbúnaðarvef deildarinnar, sem þróaður var í samvinnu við Geislavarnir ríkisins og bandarískan ráðgjafa. Vefurinn byggir á riti IAEA og WHO, PAHO og CTIF fyrir viðbragðsaðila. Ritið var gefið út 2006 og varð efni þess fljótt eftirsótt. Með viðbúnaðarvefnum er efnið gert enn aðgengilegra og er vefurinn sá alþjóðlegi grunnur sem margar viðbúnaðarstofnanir miða við varðandi fyrstu viðbrögð við geislavá. Unnið er að því að taka vefinn í notkun hérlendis, sem grunn samvinnu Geislavarna ríkisins við ýmsa samstarfsaðila.

Sigurður Emil Pálsson, 7. apríl 2009

Aðdragandi þróunar viðbúnaðarvefs / farvefs IAEA og Geislavarna

Geislavarnir ríkisins annast samkvæmt lögum m.a. „geislunarlegan þátt viðbúnaðar við hvers kyns geislavá, m.a. greiningu á ógn af hennar völdum, samhæfingu viðbúnaðar við alþjóðleg viðmið, rekstur viðbúnaðar- og geislaælikerfa og annað því tengt“.

Ógn sem þarf að vera hægt að bregðast við getur bæði verið heilsufarsleg (sem er mjög ólíklegt hérlendis) og efnahagsleg (t.d. vegna orðróms um óhapp í íslenskri lögsögu). Stofnunin miðar viðbrögð sín við að geta brugðist sem fyrst við, greint vandann og brugðist við honum, oft í samvinnu við aðrar stjórnvaldsstofnanir sem málið kann að varða (t.d. ráðuneyti, Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra, Embætti sóttvarnalæknis, Landhelgisgæslu, slökkvilið og lögreglu).

Geislavarnir ríkisins leggja áherslu á að greining og ráðgjöf stofnunarinnar sé byggð á viðmiðum sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar, t.d. þeim sem *Alþjóðakjarnorkumálastofnunin* (IAEA) hefur gefið út í samvinnu við aðrar alþjóðastofnanir og samtök. Jafnframt að það sé ljóst og gagnsætt, jafnt innlendum sem erlendum aðilum, hverjar þessar viðmiðanir eru.

Mikilvægt er að viðbragðsaðilar og geislavarnastofnun eins og Geislavarnir ríkisins hafi sameiginlegan grunn til að byggja viðbrögð sín á. *Alþjóða kjarnorkumálastofnunin* (IAEA) brást við þessari þörf og gaf árið 2006 út leiðbeiningarit fyrir viðbragðsaðila í samvinnu við *Alþjóða heilbrigðismálastofnunina* (WHO), *Alþjóða brunavarnarmálanefndina* (CTIF) og *Amerísku heilbrigðismálastofnunina* (PAHO). Efni ritsins varð fjótlega mjög eftirsótt og IAEA brást við með því að setja það á vefform á vefsetri stofnunarinnar. Að mati Geislavarna ríkisins mátti gera betur, t.d. nýta nútíma vefstaðla til að útbúa eins konar farvef, nýja léttu útgáfu vefsins sem notendur gætu sett upp á eigin tölvum, snjallsímum og lófatölvum og jafnframt þýtt og aðlagað að vild. Þessu fylgja margir kostir, viðkomand þarf t.d. ekki að vera nettengdur og svörun vafrans verður miklu skjótari. Hugmyndin féll í góðan jarðveg hjá IAEA og voru tveir sérfræðingar fengnir til að aðstoða stofnunina við þessa þróun, Thomas O'Connell frá Bandaríkjunum (leiðandi ráðgjafi á sviði fyrstu viðbragða við geislavá) og Sigurður Emil Pálsson, Geislavörnum ríkisins.

Frumgerð farvefsins var kynnt hjá IAEA árið 2008 og viðbúnaðardeild stofnunarinnar kynnti í fréttabréfi í mars 2009 uppfærða útgáfu vefsins. Hana má nálgast á eftirfarandi slóð og er framlags Íslands og Bandaríkjanna til þróunar vefsins getið þar sérstaklega:

<http://www-ns.iaea.org/tech-areas/emergency/iec/frg/fra.htm>

IAEA.org
International Atomic Energy Agency

Contact Us | Help | NS Site Index

About IAEA | **Our Work** | News Centre | Publications | Data Centre | NS IAEA | Search this site

You are in : ... > Guidance for First Responders > Portable Digital Tool for Assisting First Responders

Portable Digital Tool for Assisting First Responders

The *Portable Digital Tool for Assisting First Responders to a Radiological Emergency* is a tool that may be used by emergency service personnel as an aid in the field when responding to a radiological emergency. It is based on the material in the *IAEA Manual for first responders to a radiological emergency* and contains quick guides with response actions, instructions and information useful in the first response to a radiological emergency.



The tool has been designed for use on portable devices, such as handheld computers and smart phones, and requires only a web browser to be used.

Caution: The Portable Digital Tool for Assisting First Responders to a Radiological Emergency should only be used once it has been integrated with national and local emergency arrangements including translation; revision to be consistent with local organizations and concepts of operation; training conducted and finally tested during drills and exercises. Although great care has been taken to maintain the accuracy of information contained in the tool, neither the IAEA nor its Member States assume any responsibility for consequences, which may arise from its use.

- Download (4,3MB)
- Try out online

This product has been made available for download with the professional contribution of experts from Iceland and the United States.

For further information please contact [IEC Information](#)

NS_Webmaster Back to top

Kynningarsíða farvefsins á vef IAEA:

<http://www-ns.iaea.org/tech-areas/emergency/iec/frg/fra.htm>

Þar er unnt að prófa (og nota) farvefinn á vefsetri IAEA, einnig er hægt að sækja þar þjappaða möppu (4,3 MB) með efni vefs og setja upp á eigin tölvu. Framlags Íslands og Bandaríkjanna til þróunarinnar er einnig getið.

Farvefurinn (og hefðbundin útgáfa fyrir borðtölvur) hefur fengið mjög jákvæðar viðtökur erlendis og er hann orðinn sá alþjóðlegi grunnur sem margar viðbúnaðarstofnanir miða við varðandi fyrstu viðbrögð við geislavá (t.d. FEMA í Bandaríkjunum). Hann hefur verið settur upp hjá Geislavörnum ríkisins og ýmsir innlendir samstarfsaðilar hafa prófað frumgerð vefsins. Verið er að kynna endurbætta útgáfu vefsins samstarfsaðilum. Þótt einstakir samstarfsaðilar hafi sínar eigin viðbragðslýsingar, þá hafa viðbrögð verið jákvæð við því að nota farvefinn sem grunn samstarfs Geislavarna og viðbragðsaðila. Bindur stofnunin vonir við að með þessu verði þetta samstarf komið með sýnilegum hætti á alþjóðlega viðurkenndan grunn, sem er mjög mikilvægt ef bregðast þarf við geislavá í samvinnu við aðrar þjóðir.

Hvernig er unnt að nálgast og nota farvefinn?

Farvefinn má [nota beint af vef IAEA](#), einnig má [sækja þjappaða möppu á vefsíðuna](#) og setja vefinn upp á eigin tölvu, snjallsíma eða lófatölvu.

Uppsetning á farvef

Þjappaða (zip) skráin er 4,3 MB. Þegar búið er að afþjappa möppuna með skrá vefsins er hún um 5 MB.

Eigi að setja vefinn upp á síma eða lófatölvu getur verið æskilegt að fjarlægja skjalið

EPR_FirstResponder_web.pdf úr möppunni

\\iaea-portable-first-response-assistant-2008-09-25\downloads\pubs\

þetta skjal er ritið sem vefurinn byggir á og það er yfir 3 MB að stærð. Sé það fjarlægt verður farvefurinn um 2 MB að stærð.

Notkun

The screenshot shows the web application interface. At the top, there is a blue header with the IAEA logo and the title 'Portable Digital Tool for Assisting First Responders to a Radiological Emergency'. Below the header are three navigation tabs: 'Home', 'Page Index', and 'About'. The main content area features a welcome message: 'Welcome! This tool provides you as a first responder with action guides and instructions for use in a radiological emergency. To get started, follow one of the links below.' Below this are three circular icons: a radiation symbol labeled 'Hazard Assessment', a person wearing a hard hat labeled 'My Quick Guides', and a book icon labeled 'Supplementary Information'. A 'Caution' box contains text about the tool's basis in the IAEA Manual. At the bottom, there is a copyright notice for the International Atomic Energy Agency and a 'HOME' link.

Að ofan má sjá hvernig forsíða vefsins birtist á skjá borðtölvu, til hægri má sjá hvernig sama skjámynd birtist í snjallsíma / lófátölvu.

Geislavarnir ríkisins geta veitt viðbragðsaðilum nánari upplýsingar um efni og notkun farvefsins.

Skammstafanir alþjóðastofnana sem getið er:

- IAEA: *International Atomic Energy Agency* (Alþjóða kjarnorkumálastofnunin)
- WHO: *World Health Organization* (Alþjóða heilbrigðismálastofnunin)
- CTIF: *Comité technique internationale de prévention et d'extinction du feu / International association of fire and rescue service* (Alþjóðabrunavarnarmálanefndin)
- PAHO: *Pan American Health Organization* (Ameríska heilbrigðismálastofnunin)

Vefurinn er hannaður með það í huga að það sé sem þægilegast fyrir viðbragðsaðila við geislavá að rekja sig áfram, allt eftir því hvert viðfangsefnið er og hvaða hlutverki viðkomandi gegnir. Þetta er ekki kennsluvefur, heldur vefur með stoðefni. Reiknað er með að notandi hafi vissa grunnþekkingu á viðfangsefninu og hafi kynnst vefnum áður.

Með því að smella á flipann „Page Index“ birtist yfirlit yfir allar síður vefsins. Aftan við heiti hversar síðu er kóði (eins konar blaðsíðutal) og sama kóði er einnig að finna neðst til hægri á hverri síðu. Þessir kóðar auðvelda skýrar tilvísanir innan vefsins, t.d. þegar einn notandi þarf að beina öðrum á tiltekið efni með símtali.

Við hönnun vefsins var lögð áhersla á að hafa hann léttan og lipran, nota nútíma vefstaðla og láta vefinn laga sig að mismunandi gerðum tækja og vafra. Á borðtölvum er t.d. auðvelt að breyta leturstærð með <ctrl>+ og <ctrl>-.

